Verkfærakista grunnskóla

Mikilvægt er að skýrt sé hver ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgd þeirra úrræða sem reynd eru. Setja þarf mælanleg markmið, skrá framvindu og meta árangur með skipulögðum hætti, að jafnaði eftir að minnsta kosti fjórar vikur af reglulegri skólasókn. Ef úrræði skilar ekki tilætluðum árangri er mikilvægt að endurskoða það og prófa aðrar leiðir.

Kennarar kortleggi styrkleika barnsins, þarfir þess og tækifæri til að efla færni og líðan. Í samstarfi við foreldra verði skoðað hvað gengur vel, hvar þörf er á frekari stuðningi og hvaða leiðir eru líklegastar til árangurs. Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir og að samræmi sé í stuðningi heimilis og skóla eftir því sem við á.

Áður en leitað er til sérfræðiþjónustu er æskilegt að viðeigandi úrræði hafi verið reynd, þeim fylgt eftir og árangur metinn. Kennarar og stjórnendur geta leitað ráðgjafar hjá kennsluráðgjöfum skólaþjónustunnar við val og útfærslu úrræða.

Námsumhverfi	**Tilgangur - nánari lýsing**
Sætaskipan í kennslustofu	Aðlaga staðsetningu nemenda með hliðsjón af einbeitingu, áreiti og þörf fyrir stuðning. t.d. fjarri glugga eða gangvegi og nær kennara. Tryggja stöðuga og fyrirsjáanlega staðsetningu.
Uppröðun í kennslustofu	Skýrt skipulag, afmörkuð vinnusvæði og greiðar leiðir um stofuna. Fastir og sýnilegir staðir fyrir námsgögn, verkefni og skil þannig að nemendur viti hvar hlutir eru og hvert þeir eiga að fara.
Val um vinnuaðstöðu	Sveigjanleiki í vinnuaðstæðum, staðsetningu og vinnustellingu eftir þörfum.
Námsver	Bjóða aðgang að rólegra námsumhverfi og auknum stuðningi eftir þörfum nemenda.

Nám og kennsla	**Tilgangur - nánari lýsing**
Aðlagað námsefni	Aðlaga umfang, þyngdarstig og framsetningu námsefnis að þörfum og færni nemenda.
Einstaklingsáætlun	Skýr markmið og leiðir að námi, aðlöguð að styrkleikum, þörfum og færni nemandans. Nær til náms, hegðunar, félagsfærni, líðan, sjálfstæðis eða annarra stuðningsþátta. Skilgreind markmið, aðgerðir, ábyrgð og eftirfylgd.
Einstaklingsnámskrá	Einstaklingsmiðuð námsmarkmið og leiðir sem taka mið af þörfum, styrkleikum og færni nemandans. Snýr fyrst og fremst að námi nemandans – einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum, námsefni,

	kennsluaðferðum og námsmati þegar víkja þarf frá almennum markmiðum eða námskrá hópsins.
PALS	Jafningjamiðuð kennsluaðferð þar sem nemendur vinna saman í pörum eftir skipulögðu ferli til að efla lestrarfærni, virkni og sjálfstæði í námi (SÍSL | Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir).
Vinna í hópum	Aðlaga stærð og samsetningu hópa að þörfum nemenda og verkefni.
Blöndun milli árganga/teymisvinna	Nýta sveigjanlega hópaskiptingu þvert á árganga og samstarf kennara eftir þörfum nemenda.
ÍSAT-kennsla	Markviss kennsla í íslensku sem öðru tungumáli, aðlöguð að málfærni og námsþörfum nemandans. (Miðja máls og læsis Orðatorg).
Lesvefurinn	Fræðslu- og stuðningsvefur um læsi, lestrarkennslu og lestrarerfiðleika með hagnýtu efni og verkfærum fyrir kennara (Lesvefurinn).
Tæknilausnir í námi	Nýta hjálpartækni, t.d. talgervil, talgreini og önnur stafræn verkfæri, til að auka aðgengi, sjálfstæði og þátttöku í námi (Talgervill).
Áhugastýrt nám (náms- og starfsráðgjafi)	Nýta áhugasvið og styrkleika nemandans til að auka þátttöku, áhugahvöt og virkni í námi.
Val um verkefni	Bjóða nemanda val milli tveggja eða fleiri fyrirfram ákveðinna verkefna eða leiða að sama námsmarkmiði til að auka sjálfstæði, virkni og áhugahvöt.
Einstaklings-/hópatímar hjá sérkennara/þroskaþjálfa/annarra	Markviss þjálfun eða stuðningur hjá sérkennara, þroskaþjálfa eða öðrum fagaðila, út frá þörfum og markmiðum nemandans.

Sjónrænt skipulag og fyrirsjáanleiki	**Tilgangur - nánari lýsing**
Myndræn stundatafla fyrir daginn	Sýnilegt dagskipulag sem eykur fyrirsjáanleika og öryggi nemenda.
Stafrænt skipulag kennslustundar	Til dæmis Classroom screen sem er stafrænt verkfæri sem styður við skýrt og fyrirsjáanlegt námsumhverfi. Þar má m.a. birta dagskipulag, tímamæli, fyrirmæli, vinnuhljóð og önnur sjónræn skilaboð.
Styttri vinnulotur- myndrænar vinnulotur	Skipta verkefnum í stutt, skýr og sýnileg skref með reglulegum hléum eftir þörfum. Gera upphaf, framvindu og lok verkefnis sýnileg. Skipta fjölþættum fyrirmælum upp í smærri skref.
Tímavaki/stundaglas	Gera tímalengd verkefna og hléa sýnilega og fyrirsjáanlega (Tímavaki).
Myndrænt skipulag	Gera verkefni, fyrirmæli og dagskipulag sýnilegt til að auka skýrleika og fyrirsjáanleika (1-2-3 skóli- skipulag Sjónrænt skipulag). Skýr, einföld og eftir atvikum myndræn viðmið um æskilega hegðun í ólíkum aðstæðum, sýnileg nemendum og þau rifjuð reglulega upp.
Myndrænn stuðningur	Nota myndir eða önnur sjónræn skilaboð einstaklingslega til að minna á og styðja við æskilega hegðun.

Pásu- / hreyfimiðar	Sjónrænt stuðningstæki sem gefur nemendum skýran möguleika á stuttu hléi eða hreyfingu eftir þörfum.

Skyn-, hreyfi- og einbeitingarstuðningur	**Tilgangur - nánari lýsing**
Heyrnaskjól	Bjóða aðgang að heyrnarskjólum til að draga úr truflandi hljóðáreiti og styðja við einbeitingu. Peltor Calmer eyrnatappar Loop eyrnatappar
Hlusta á tónlist	Bjóða möguleika á að hlusta á tónlist við vinnu þegar það styður við einbeitingu og vinnufrið (Airpods).
Fiktdót	Bjóða aðgang að fiktdóti eftir þörfum til að styðja við einbeitingu og sjálfstjórn (Fiktdót ABC-skólavörur).
Franskur rennilás á borð/stól	Snertiskynsstuðningur. Franskur rennilás eða annað áferðarefni á borði/stól til að veita næði í skynörvun og styðja við einbeitingu.
Stuðningur við einbeitingu	Hreyfi- og skynstuðningur við setu (Útrásarteygja á stól Slökunarflækja Pop- it).
Skilrúm	Draga úr sjónrænu áreiti og truflunum og styðja við einbeitingu og vinnufrið (Ikea).
Hreyfing/útivist	Bjóða reglulega upp á hreyfingu og útiveru til að styðja við vellíðan, einbeitingu og úthald. (t.d. sendiferðir).
Skynúrvinnsluherbergi	Aðstaða með fjölbreyttum möguleikum á skyn- og hreyfistuðningi sem nemendur geta nýtt eftir þörfum til að ná ró, auka líkamsvitund og styðja við sjálfstjórn.

Jákvæður skólabragur og félagsleg tengsl	**Tilgangur - nánari lýsing**
Bekkjarsáttmálar/bekkjarreglur	Skýrar og sameiginlegar væntingar um samskipti og hegðun, mótaðar með þátttöku nemenda eftir því sem við á.
Bekkjarfundur	Reglulegur vettvangur fyrir samtal, samráð og lausnaleit sem stuðlar að jákvæðum samskiptum, þátttöku og góðum bekkjaranda.
Vinafrímínútur/Vinaliðar	Skipulagður jafningjastuðningur þar sem eldri nemendur aðstoða yngri nemendur í leik og samskiptum í frímínútum og stuðla að þátttöku og jákvæðum félagatengslum.
Vinabekkir/vinahópar	Skipulagt samstarf milli bekkja eða nemendahópa sem stuðlar að jákvæðum samskiptum, félagslegum tengslum og samkennd.
Lífsleikni/ forvarnir	Markviss fræðsla og þjálfun sem eflir sjálfsþekkingu, félags- og tilfinningafærni, heilbrigð samskipti og færni til að takast á við áskoranir daglegs lífs (Verkfærakista- Menntastefna Reykjavíkurborgar).
Heilsueflandi skóli	Markviss og heildstæð vinna að því að efla heilsu, vellíðan og heilbrigða lífshætti nemenda og starfsfólks í skólasamfélaginu (Heilsueflandi skóli).

Félags- og tilfinningafærni	Tilgangur - nánari lýsing
Félagsfærniþjálfun	Markviss þjálfun í samskiptum og félagslegri færni, t.d. að hefja og halda uppi samskiptum, taka þátt í leik/samvinnu, skiptast á, leysa ágreining og setja mörk (Sterkari út í lífið BekkjarART - CAT-kassinn - Félagsfærnispilið).
Félagsfærnisögur	Stuttar og skýrar sögur, oft með myndrænum stuðningi, sem hjálpa nemendum að skilja félagslegar aðstæður, væntingar og viðeigandi viðbrögð.
Tilfinningastjórnun/reiðistjórnun	Markviss þjálfun í að þekkja reiði og kveikjur, tjá tilfinningar á viðeigandi hátt og nýta leiðir til að ná ró og stjórn. BekkjarART - CAT kassinn - Sterkari út í lífið Hvað get ég gert þegar reiði tekur völdin? Sometimes I Feel - How Am I Feeling? Conversation cards Mad Dragon
Vinna með kvíða	Markviss stuðningur við að þekkja kvíða og kveikjur og læra leiðir til að takast á við kvíðavekjandi aðstæður (Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur? - Láttu mig vera! Áhyggjupúkar - Hjálp fyrir kvíðin börn).
Sáttaborðið	Skipulögð leið til að styðja nemendur við að ræða ágreining, hlusta á sjónarmið hvers annars og finna sameiginlega lausn.
Sjálfstyrking	Markviss vinna með styrkleika, sjálfsmynd og sjálfstraust til að efla trú nemandans á eigin getu og færni (Sterkari út í lífið KVAN - Hugarfrelsi - Fjársjóðsleitin).

Stuðningur við hegðun og sjálfstjórn	Tilgangur - nánari lýsing
Inn-út samtal	Stutt og regluleg samtöl í upphafi og lok skóladags til að setja markmið, veita hvatningu og fylgja eftir líðan og gengi nemandans.
Hvatningarleikurinn- (Behavioural game)	Skipulögð hópmiðuð aðferð þar sem jákvæð hegðun og samvinna eru styrkt með skýrum væntingum, hvatningu og sameiginlegum markmiðum.
Umbunar/hvatningarkerfi	Markvisst kerfi þar sem skýr markmið og jákvæð styrking eru notuð til að hvetja til æskilegrar hegðunar, virkni og þátttöku (Beanfee).
Lýsandi hrós	Veita markvisst og tafarlaust hrós þar sem tekið er skýrt fram hvaða hegðun, vinnubrögð eða viðleitni nemandans er verið að styrkja.
Skýr og fyrirsjáanleg viðbrögð við hegðun	Tryggja skýr, róleg og samræmd viðbrögð þegar hegðun er ekki í samræmi við væntingar eða reglur, þannig að nemandi viti fyrirfram hvað tekur við og fái stuðning við að sýna æskilega hegðun.

Skimanir og mat	Tilgangur - nánari lýsing
Lesskimun í 1. bekk	Skimun á grunnþáttum læsis sem hjálpar til við að greina snemma nemendur sem þurfa aukinn stuðning og nýtist við skipulag markvissrar lestrarkennslu.
Logos-lestrargreining	Stöðluð greining á lestrarfærni sem metur ólíka þætti lestrar og nýtist við að greina styrkleika og þætti sem þarfnast frekari stuðnings.
Talnalykill	Staðlað matstæki sem metur færni nemenda í stærðfræði og nýtist til að greina styrkleika og þætti sem þarfnast frekari stuðnings.

Skipulag og stuðningur	Tilgangur - nánari lýsing
Aðlöguð stundatafla	Aðlaga skipulag skóladagsins að þörfum nemandans, t.d. vinnulotur, hlé, námsgreinar, námsumhverfi eða tímabundna styttingu skóladags.
Einstaklingsstuðningur- aðkoma stuðningsfulltrúa	Aðkoma stuðningsfulltrúa eftir þörfum til að styðja við nám, þátttöku, sjálfstæði og virkni nemandans.
Aðstoðarmaður	Nemandi fær afmörkuð og merkingarbær verkefni við að aðstoða kennara eða starfsfólk, sem geta stutt við virkni, ábyrgð, sjálfstraust og jákvæða þátttöku í skólastarfi.
Aðlagað námsmat	Aðlaga framkvæmd og aðstæður námsmats að þörfum nemandans, t.d. minni hópur, rólegra rými, lengri tími, hlé eða önnur viðeigandi framsetning.
Fræðsla í bekk	Aldursmiðuð fræðsla um t.d. einhverfu, ADHD og kvíða til að efla skilning, virðingu og jákvæð samskipti í nemendahópnum (Einhverfusamtökin - ADHD- samtökin).

Einstaklingsmiðaðar námsleiðir	Tilgangur - nánari lýsing
Viðbótar tímar í list- og/eða verkgreinum	Auka tækifæri til náms í list- og verkgreinum út frá áhuga, styrkleikum og þörfum nemandans.
Auka sund- og/eða íþróttatímar	Auka tækifæri til hreyfingar út frá áhuga, styrkleikum og þörfum nemandans til að styðja við virkni og vellíðan.
Atvinnutengt nám	Fyrir eldri nemendur eftir þörfum, skipulagt samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár og í samráði við náms- og starfsráðgjafa, með það að markmiði að tengja nám við áhugasvið og framtíðaráform.
Starfskynningar	Kynna fjölbreytt störf og námsleiðir og gefa nemendum tækifæri til að tengja nám við áhugasvið, styrkleika og framtíðarmöguleika.

Einstaklingsmiðaður stuðningur og samstarf	Tilgangur - nánari lýsing
Einstaklingsviðtöl	Regluleg samtöl við t.d. við náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara eða annan fagaðila um líðan, nám, styrkleika og áskoranir nemandans.
Aðgangur að traustum starfsmanni	Tryggja nemanda aðgang að ákveðnum starfsmanni sem hann treystir og getur leitað til eftir þörfum.

Samstarf við foreldra	Regluleg og gagnkvæm samskipti við foreldra um líðan, nám og stuðningsþarfir nemandans, með sameiginleg markmið að leiðarlj (Heimili og skóli).
Aðlagað heimanám	Aðlaga umfang og framsetningu heimanáms að þörfum nemandans og tryggja að upplýsingar um verkefni séu skýrar og aðgengilegar nemanda og foreldrum.
Aukasett námsgagna heima	Bjóða eftir þörfum aukasett af bókum eða öðrum námsgögnum heim til að draga úr álagi vegna skipulags og ferða námsgagna milli heimilis og skóla.
Nemendateymi	Þverfaglegt samstarf um þarfir nemanda þar sem markmið, stuðningsaðgerðir, ábyrgð og eftirfylgd eru samræmd.